

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2013-2014

28. apríl 2014

Skýrsla stjórnar

Inngangur

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 10. apríl 2013. Samkvæmt reglum Guðfræðistofnunar, 6. gr., skal ársfundur haldinn á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Af óviðráðanlegum orsökum náðist ekki að funda fyrir lok mars.

Stjórn Guðfræðistofnunar

Núverandi stjórn stofnunarinnar var kjörin á ársfundi 2011. Stjórnina skipa: Arnfríður Guðmundsdóttir, sem er formaður, Hjalti Hugason, meðstjórnandi og varaformaður og María Ágústsdóttir sem er fulltrúi doktorsnema. Sigfinnur Þorleifsson er varamaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára.

Fjárhagsstaða

Sjá fylgiskjal.

Málstofur

Eftirfarandi málstofur hafa verið haldnar á vegum Guðfræðistofnunar í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ frá síðasta ársfundi:

9. september. Fyrirlesari: Dr. Jaakko Rusama aðjúnt í samkirkjulegri guðfræði við háskólann í Helsinki í Finnlandi og prestur í hinni Evangelísk Lúthersku kirkju í Finnlandi. Yfirskrift fyrirlestursins er: *Eining og aðgreining. Enska biskupakirkjan og Evangelísk lútherska kirkjan í samkirkjulegu hreyfingunni*

21. október. Fyrirlesari: Dr. Karen L. Bloomquist fyrrverandi forstöðumaður guðfræðideildar í höfuðstöðvum hinnar evangelísk lúthersku kirkju í Bandaríkjunum (ELCA) og Lútherska heimssambandsins í Genf í Sviss. Yfirskrift fyrirlestursins: *Byltingarkennd kirkja – í þágu heimsins.*

8. nóvember. Fyrirlesari: Dr. Merete Thomassen kennari í liturgíu við stofnun í kennimannlegri guðfræði við Háskólann í Ósló. Heiti fyrirlesturs: *Tilhneigingar í nýju bænamáli: Frá frelsi til vellíðunar. Breytingar á guðsmynd og mannskilningi undir áhrifum frá nýaldarhyggju og markaðskapítalisma.*

12. nóvember. Fyrirlesari: Dr. Mary Hunt forstöðumaður guðfræði- og kvennastofnunarinnar WATER (Women's Alliance for Theology, Ethics and Ritual) í Washington D.C. Yfirskrift fyrirlesturs: "Post Colonial Catholicism: A U.S. Feminist Perspective."

16. janúar. Fyrirlesari: Dr. Samuel Giere dósent í prédikunarfræðum og biblíutúlkun við Wartburg guðfræðiháskólann í Dubuque, Iowafylki í Bandaríkjunum
Yfirskrift fyrirlestursins er: *Jesús í Suður Afríku. Um túlkun sögunnar um Jesú Krist í suður afrísku kvikmyndinni „Son of Man“.*

10. febrúar. Fyrirlesari: Dr. Margrét Eggertsdóttur rannsóknarprófessor á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Yfirskrift fyrirlesturs: „Eilíft það samtali okkar sé.“
Arfur Hallgríms og erindi.

17. mars. Fyrirlesari: Gunnar F. Guðmundsson, cand.mag. Yfirskrift fyrirlesturs: *Pater Jón Sveinsson S.J. Kennimaður með brostna köllun?*

7. apríl. Fyrirlesari: Dr. Gunnar J. Gunnarsson dósent í trúarbragðafræðum og trúarbragðakennslu við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Yfirskrift fyrirlestursins er: *Trú og lífsviðhorf ungs fólks í fjölmenningsamfélagi.*

Samvinnuverkefni með Orkustofnun

19. febrúar stóðu Guðfræðistofnun og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild í samvinnu við Orkustofnun til málstofu um siðfræðileg viðhorf varðandi olíuvinnslu á Drekasvæði. Um var að ræða lokaða málstofu þar sem flutt voru stutt innlegg og síðan voru umræður. Innlegg fluttu: Sólveig Anna Bóasdóttir, Guðni Elísson, Guðni Jóhannesson og Þórarinn Sveinn Arnarson.

Málþing

Málþing Guðfræðistofnunar var haldið 6. Nóvember, 2013 í stofu 229 í Aðalbyggingu HÍ, frá kl. 13-16.

Yfirskrift málþingsins: *Hvað er í deiglu? Rannsóknir í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.*

Dagskrá:

Arnfríður Guðmundsdóttir: *Konur sem sálmaskáld.*

Einar Sigurbjörnsson: *Þýðingar Helga Hálfðánarsonar á sálmum Lúthers.*

Gunnlaugur A. Jónsson: *"Allt sem andardrátt hefur, lofi Drottin." Síðasti sálmur Saltarans í ljósi staðsetningar hans og áhrifasögu.*

Pétur Pétursson: *Krossfestingin í myndum Chagalls.*

Rúnar Már Þorsteinsson: *Jesús sem heimspekingur.*

Sólveig Anna Bóasdóttir: *Starf vígðra þjóna kirkjunnar og siðareglur.*

Málþingsstjóri: Rúnar Már Þorsteinsson.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2013, hefti nr. 36 og 37 í ritstjórn Gunnlaugs A. Jónssonar.

Ritstjórn Ritraðarinnar við útgáfu heftis nr. 36: Gunnlaugur A. Jónsson (ritstjóri), Pétur Pétursson og Sólveig Anna Bóasdóttir. Við útgáfu heftis nr. 37 kom Rúnar Már Þorsteins í stað Péturs Péturssonar.

Frá og með ársbyrjun 2014 er Rúnar Már Þorsteinsson ritstjóri Ritraðarinnar.

Styrkur til útgáfu Ritraðarinnar frá Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar fyrir árið 2013 nam alls 300 þús. kr., eða 150 þús. kr. fyrir hvert hefti.

Rannsóknaverkefnið 2017.is

Sjá skýrslu um starf verkefnis 2013-2014.

Hugvísindaping

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi sem haldið 14.-15. mars s.l. Að venju tóku starfsmenn Guðfræðistofnunar virkan þátt á Hugvísindapingi.

Starfssjóður Guðfræðistofnunar

Sjá yfirlit.

Trúarbragðastofa

Sjá fylgiskjal.

Íslenskir samstarfsaðilar

- ***Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar***

Guðfræðistofnun hefur átt í samstarfi við Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar í trúarbragðafræðum frá stofnun hennar árið 2009 og á fulltrúa í stjórn hennar, sem frá upphafi hefur verið Arnfríður Guðmundsdóttir.

16. maí 2013 buðu Guðfræðistofnun HÍ og Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar til málþings í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.

Yfirskrift málþingsins var: Fjármálamarkaður: Trúarbrögð nútímans?

Aðalfyrirlesari var dr. Mark C. Taylor, forseti trúarbragðafræðideildar Columbia háskóla í New York. Erindi Taylors bar yfirskriftina: *Meltdowns: The Perils of Extreme Finance*.

Viðbrögð veittu dr. Jón Ólafsson heimspekingur og prófessor við háskólann á Bifröst og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur og Alþingiskona.

Málþingsstjóri: Bogi Ágústsson, fréttamaður og formaður stjórnar Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar.

24. janúar 2014 héldu Guðfræðistofnun Háskóla Íslands og Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Félag Sameinuðu

Þjóðanna á Íslandi málþing í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Yfirskrift málþingsins var *Nelson Mandela og máttur sáttargjörðar andspænis aðskilnaðarstefnunni og afleiðingum hennar*.

Dagskrá:

Ávarp: Bogi Ágústsson, formaður stjórnar Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar.

Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Ævi og stjórn málaferill Mandela.

Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir: Kairos-skjalið; guðfræðileg viðbrögð við aðskilnaðarstefnu Suður Afríku, Apartheid.

Viðbrögð og umræður.

Málþingsstjóri: Pia Hansson forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

- ***Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar***

Guðfræðistofnun mun standa að útgáfu á verkum Marteins Lúthers í samstarfi við afmælisnefndina í samstarfi við Hið íslenska bókmenntafélag.

Á siðbótardaginn, 31. október n.k. verður haldið málþing á vegum afmælisnefndarinnar um siðbótarmanninn Hallgrím Pétursson, þar sem þrír starfsmenn Guðfræðistofnunar og kennarar við Guðfræði og trúarbragðafræðideild verða meðal fyrirlesara.

Arnfríður Guðmundsdóttir er fulltrúi Guðfræði- og trúarbragðadeildar í afmælisnefndinni.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Stefna Guðfræðistofnunar 2013-2017

Sjá fylgiskjal.

Reykjavík, 25. apríl 2014

Arnfríður Guðmundsdóttir, formaður stjórnar

Hjalti Hugason, meðstjórnandi

María Ágústsdóttir, fulltrúi doktorsnema

